

**Ed. 131. Frumvarp til laga [127. mál]**

um breytingu á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Porkelsdóttir, Eirður Guðnason, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

Í lok 45. gr. laganna komi til viðbótar:

Nafnnúmer skal fylgja nafni kjósenda utan á umslagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt til að auðvelda úrvinnslu utankjörfundaratkvæða sem dreifa þarf í mismunandi kjördeildir eftir því hvar kjósendi er á kjörskrá.

Í síðustu málsgrein 71. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959 (sjá lög nr. 37/1979), stendur:

„Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaratkvæði, er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkvæðunum komið á réttan ákvörðunarstað.“

Til þess að auðvelda þetta er nauðsynlegt að nafnnúmer kjósenda sé einnig utan á umslagi því sem geymir atkvæðaseðil hans. Því er þetta frv. flutt.